

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2019.

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi. 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 38 - 38. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) fagnar tillögu um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi. Félagsráðgjafar eru ein þeirra lykilmöguleika sem starfa í félagsþjónustu og öðrum stofnunum sem sinna móttöku fólks af erlendum uppruna og aðlögun að íslensku samfélagi.

Um er að ræða tillögu til þingsályktunar sem var lögð fram á 149. löggjafarþingi og liggja fyrir umsagnir nokkurra aðila. Félagsráðgjafafélagið getur tekið undir umsagnir Mannréttindaskrifstofu Íslands, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur og Fjölmenningsseturs. Félagsráðgjafafélagið hvetur til þess að horft verði heildrænt til málefnisins nú þegar framkvæmdaáætlun til ársins 2019 um málefni innflytjenda, verður endurskoðuð. Ákjósanlegt er að sú vinna sem framundan er feli í sér skýrslu sem taki til stefnu og framkvæmdaráætlunar. Huga þarf að ýmsum þáttum þegar kemur að því að efla fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi til að mynda með samræmdri móttökuáætlun fyrir félagsþjónustu sveitarfélaganna þar sem meðal annars væri lögð áhersla á úrbætur í húsnæðismálum viðkvæmra hópa eins og flóttafólk þar sem tryggt húsnæði er forsenda fyrir frekari aðlögun í samfélaginu.

Tryggja þarf aðgengi að íslenskunámskeiðum og aðlaga að ólíkum hópum, til dæmis er mikilvægt að efla nám í Nýbúabraut Tækniskólans og fjölga plássum fyrir ungmenni sem hafa enga eða litla íslenskukunnáttu, óháð fyrri menntun. Einnig þarf að tryggja aðgengi að menntun almennt, ekki síður hvatningu og stuðning innan skóla en rannsóknarniðurstöður sýna að það skiptir máli, sérstaklega hvað varðar þátttöku og brottfall nemenda af erlendum uppruna. Efla þarf íslenskukennslu á vinnustöðum, auk fræðslu um réttindi á vinnumarkaði o.fl. sem þarf að huga að. Því er mikilvægt að settur verði á laggirnar starfshópur með víðtæka samfélagslega nálgun til að vinna að tillögum og útfærslu. Þá þarf að efla stuðning við innflytjendur sem miðar að því að þeir geti fengið menntun sína frá heimalandi metna hér á landi.

Efla þarf geðheilbrigðisþjónustu fyrir fólk af erlendum uppruna, sérstaklega flóttafólk sem hefur orðið fyrir margvíslegum áföllum í heimalandinu og á leið til Íslands.

Tryggja þarf túlkþjónustu á öllum sviðum og skoða fjölbreytta möguleika svo sem, *Language line* í þeim tilvikum sem erfitt reynist að útvega túlkþjónustu vegna fjarlægðar eða sérhæfingar. Líta þarf til þess hvort Sjúkratryggingar Íslands geti gert samninga sem sjálfstætt starfandi sérfræðingar hafi aðgang að til að auka aðgengi að túlkþjónustu.

Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir og taka þátt í mótun stefnu varðandi málefni fólks af erlendum uppruna, sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður

Að umsögninni kom Fagdeild félagsráðgjafa í fjölmenningu.

## Mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu

38. mál, þingsályktunartillaga  
150. löggjafarþing 2019–2020.

Ísafirði 1.11.2019

Fjölmenningarsetur fagnar þingsályktunartillögu um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu og vill sérstaklega taka til eftirfarandi atriði í því sambandi:

1. Fjölmenningarsetur hefur samkvæmt núgildandi lögum viðtæku hlutverki að gegna í málaflokki innflytjenda, bæði hvað varðar þjónustu við innflytjendur sjálfa, sveitarfélög og stofnanir. Þrátt fyrir stórauðinn fjölda innflytjenda hafa fjárveitingar til stofnunarinnar staðið í stað ef undan er skilið nýtt hlutverk stofnunarinnar í nýju samræmdu móttökukerfi flóttamanna, en unnið er að því að setja það á laggirnar um þessar mundir.
2. Víða um land er unnið að góðum verkefnum sem koma innflytjendum og flóttamönnum að gagni. Bæta þarf stuðning við slík verkefni með auknum fjárframlögum til Þróunarsjóðs innflytjendamála, sérstaklega hvað varðar landsbyggðina og skoða þarf vel hvort að það mætti ekki breyta reglum um Þróunarsjóðinn þannig að hann gæti einnig veitt styrki sem flokka mætti sem rekstrarstyrki til að halda mikilvægum verkefnum á floti. Slíkar breytingar yrðu þó ávallt háðar því að aukið fjármagn fengist inn í sjóðinn.

F.h. Fjölmenningarseturs,



Rúnar H. Haraldsson

Forstöðumaður.

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2019

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu, 150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 38 – 38. mál.

Virðingarfyllt,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
framkvæmdastjóri.



# UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu.

**150. löggjafarþing 2019-2020.**

**Þingskjal 38 – 38. mál.**

## Inngangur

Rauði krossinn fagnar þingsályktunartillögunni og telur hana mikilvægt skref til að fjölmening fái að þrífast í íslensku samfélagi. Félagið tekur undir það sem fram kemur í tillögunni, bæði þær áskoranir sem nefndar eru og mögulegar úrbætur. Rauði krossinn lætur sig aðstæður innflytjenda og flóttafólks varða og hefur áratugum saman gætt að hagsmunum þeirra. Fjölgun fólks af erlendum uppruna hefur verið mikil á síðustu árum og allt bendir til þess að sú fjölgun muni halda áfram á næstu árum ef marka má spár aðila vinnumarkaðarins. Ekki síður mun hamfarahlýnun verða til þess að auka á fjölda þeirra sem neyðast til að flýja sín upprunalönd og leita skjóls á nýjum stað. Sjónarmið mannúðar hvetja okkur til að taka vel á móti því fólk. Það má segja að íslenskt samfélag standi á nokkurs konar tímamótum hvað þessi mál varðar og aðgerðir núna eða aðgerðaleyfi muni hafa áhrif á það hvernig samfélagið mun þróast á næstu áratugum.

## Almennar athugasemdir

Rauði krossinn fagnar allri viðleitni til að bæta fjölmenningsamfélagið sem hér er fyrir og tekur undir þörf á heildarstefnumótun sem horfir til allra sviða samfélagsins. Æskilegt er að slík stefna hvíli jafnframt á vel ígrundaðri framtíðarsýn til langs tíma sem stefnir að samfélagi jafnra tækifæra fyrir alla, þannig að ekki sé hættá á að hér mótist tvískipt samfélag, þar sem innflytjendur fylla lægstu lög samfélagsins og hafa litla möguleika á félagslegum hreyfanleika og að nýta til fulls menntun sína, færni og hæfileika. Samfélagið hefur einnig tæplega efni á að nýta ekki til fulls þann mannauð sem hér býr. Hugmyndastraumur vex ásmegin, sem vilja sporna við fólksflutningum til Evrópu og það sama á við hér á landi þó svo að á sama tíma kalli vinnumarkaðurinn eftir fleira fólk erlendis frá til að vinna þau margvíslegu störf sem innlent vinnuafli annar ekki. Því er mikil þörf á að hér fari fram meiri umræða á öllum sviðum samfélagsins og fræðsla til að vinna að farsælli þróun mála og tryggja til þess nauðsynlegt fjármagn og mannafla.

Í þingsályktunartillögunni er vísað í rannsóknir og upplýsingar sem varpa ljósi á viðfangsefnið. Vísa mætti í fjölda rannsókna og úttekta til viðbótar, innlendra sem erlendra, sem fram hafa komið á síðustu árum og eftir að tillaga þessi var lögð fram í fyrra sinnið, sem staðfesta enn frekar hve viðfangsefnið er brýnt. Að auki má nefna að íslensk stjórnvöld samþykktu í lok síðasta árs yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna um fólksflutninga annars vegar og flóttafólk hins vegar. Markmiðið með fyrri samþykktinni er að bæta viðbrögð alþjóðasamfélagsins við vaxandi fólksflutningum m.a. á eftirfarandi hátt:

*„... strives to create conducive conditions that enable all migrants to enrich our societies through their human, economic and social capacities, and thus facilitate their contributions to sustainable development at the local, national, regional and global levels.“<sup>1</sup>*

<sup>1</sup> <https://refugeemigrants.un.org/migration-compact>



Einnig má nefna að unnið er að þriggja ára áætlun á vegum Sameinuðu þjóðanna um aukna aðstoð við flóttafólk og örugga för þess í skjól sem ætla má að íslensk stjórnvöld styðji ef marka má nýlega yfirlýsingu<sup>2</sup>, og eitt þriggja meginmarkmiða hennar er:

*“Promote Welcoming and Inclusive Societies. Initiatives promoting welcoming and inclusive societies are supported. Refugees are able to successfully integrate in their new societies.”<sup>3</sup>*

Nefna má að núverandi framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem Alþingi samþykkti fyrir árin 2016-2019 er komin að lokum og vinna mun vera hafin við nýja áætlun. Það mætti hugsa sér að setja sem framkvæmdaratriði inn í nýja áætlun að smíða ofangreinda stefnu, með sem víðtækustu samráði, ekki síst við innflytjendur sjálfa.

### Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til að hitta velferðarnefnd til þess að reifa framangreindar athugasemdir og svara spurningum sé þess óskað.

---

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/10/31/Joint-Nordic-Statement-to-the-Third-Committee/>

<sup>3</sup> <https://www.unhcr.org/5d15db254.pdf>



Sendandi: Renata Emilsson Peskova, doktorsnemi og verkefnastjóri meistaranáms á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Dagsetning: 21.10.2019

Umsögn vegna 38. máls – tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu – vinsamlega skoðið athugasemdir í textanum.

Með bestu kveðju,

*Renata Emilsson Peskova*

## Tillaga til þingsályktunar

um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 1. nóvember nk. á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0038.html>



## Tillaga til þingsályktunar

um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu.

Flm.: Guðjón S. Brjánsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðmundur Andri Thorsson, Helga Vala Helgadóttir, Logi Einarsson, Njörður Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela félags- og barnamálaráðherra í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og dómsmálaráðherra að móta stefnu fyrir einstaklinga og fjölskyldur af erlendum uppruna sem hafi það að markmiði að auka gagnkvæman skilning og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins. Sérstök áhersla verði lögð á félagsleg réttindi, heilbrigðisþjónustu, menntun og atvinnuþátttöku þannig að á Íslandi verði fjölmenningsarsamfélag þar sem grundvallarstefin eru jafnrétti, réttlæti og virðing fyrir lífi án mismununar. Ráðherra kynni stefnuna fyrir Alþingi í upphafi 151. löggjafarþings.

### Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 149. löggjafarþingi (274. mál).

Í ársbyrjun 2018 voru 43.736 innflytjendur á Íslandi eða 12,6% mannfjöldans og hafði þeim fjölgað um ríflega 7.700 frá næsta ári á undan. Sama þróun heldur að öllum líkindum áfram en frá árinu 2012 hefur innflytjendum fjölgað úr því að vera 8% mannfjöldans. Annarri kynslóð innflytjenda fjölgaði einnig á milli ára og eru nú um 4.862 talsins. Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og ömmur. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Samanlagt er fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda um 13,9% af mannfjöldanum og hefur það hlutfall aldrei verið hærra. <sup>1</sup>

Fólksflutningar á milli landa eru í senn eitt helsta tækifæri og veigamesta áskorun alþjóðasamfélagsins. Samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna flytja langflestir innflytjenda, eða um 90%, búferlum að eigin ósk. Ástæðan er alla jafna fjárhagsleg, þ.e. að í heimalandinu er vinna við hæfi ekki í boði eða um almennan atvinnubrest er að ræða. Þau 10% sem eftir standa eru flóttamenn og hælisleitendur sem flýja til annars lands undan ofsóknum og átökum. Áætlað er að um helmingur innflytjenda á heimsvísu flytjist frá löndum sem teljast þróunarlönd og til landa sem skilgreind eru sem þróuð ríki eða iðnríki.

Meiri hluti innflytjenda hefur lokið menntun af einhverju tagi áður en þeir setjast að á nýjum stað sem þýðir að móttökulöndin njóta ávinnings af menntun sem þau hafa ekki þurft að fjármagna. Um 35% innflytjenda á heimsvísu hefur lokið háskólamenntun eða sérhæfðri fagmenntun. Það er hins vegar vel þekkt að menntun fæst seint og illa viðurkennd og metin í móttökulandi. <sup>2</sup>

Reynsla Íslendinga af fólksflutningum á milli landa ætti að vera jákvæð í ljósi eigin sögu og flutninga, bæði á fyrri tímum og á allra síðustu árum. Reynsla innflytjenda um allan heim er hins vegar sú að þeir mæta oftar en ekki andstöðu í einhverri mynd í sínu nýja samfélagi. Þetta staðfestir

**Commented [REP1]:** Upptaliningin er ekki öll, einnig er hægt að nefna einstaklinga með annað foreldri erlent og börn íslenskra foreldra sem fæðst hafa og lífað erlendis



m.a. skýrsla Fjölmenningsseturs og Mannréttindaskrifstofu Íslands frá árinu 2014. <sup>3</sup>

Mikið er rætt og ritað í samtímanum um hlutverk og aðlögun innflytjenda í heiminum. Rauði þráðurinn í umræðunni um aðlögun er ávallt sá sami og er einkum þrjúþættur, þ.e. að viðhorf heimafólks ráði úrslitum, mikilvægt sé að fram fari uppbyggileg samfélagsumræða sem leidd er af stjórnvöldum og hnitmiðaðir og vel skilgreindir langtímaferlar séu virkir. Þessi atriði eru talin mikilvægur lykill að því að innflytjendur fái greiðan aðgang að öllum þáttum samfélagsins. Með vandaðri móttöku er stuðlað að jákvæðari afstöðu allra þeirra sem að málum koma, hvort sem í hlut á menntakerfið, vinnumarkaðurinn, húsnæðiskerfið, heilbrigðisþjónusta, íþrótt- og æskulýðsstarf eða aðrir samfélagsþættir.

Ísland er nú stutt í innflytjendamálum þar sem mörg nálæg lönd voru fyrir mörgum árum eða áratugum og stjórnvöld ættu að geta dregið lærdóm af reynslu og uppbyggilegri þróun á ýmsum sviðum þessa málaflokks hjá öðrum þjóðum.

Á Norðurlöndunum er að finna samkeppnishæfustu samfélög í heimi með jafnrétti, velferð og samfélagslega ábyrgð í fyrirrúmi. Ríki Norðurlanda hafa einnig verið í fararbroddi í málefnum innflytjenda. Bætt staða innflytjenda á Íslandi og stefnumótun á þessu sviði er réttlætismál en líka mikilvægur þáttur í uppbyggingu fjölmenningslegs samfélags sem eflir mannauð, eykur fjölbreytni og hagsæld. Hvoru tveggja stuðlar að meiri sköpun, vísýni og virkjun hugvits samfélaginu til góðs. Jöfnuður, velferð og virk þátttaka allra eru aðalsmerki farsællar samfélagsgerðar og forsenda samkeppnishæfs atvinnulífs.

Teikn eru um að jöfnuður á Íslandi hafi aukist á nýjan leik eftir viðspyrnu síðustu ára. Stækkandi hópar fólks taka ekki nægilega virkan þátt í samfélaginu, þótt möguleikarnir séu fyrir hendi og þjóðfélagið þurfi á kröftum þeirra að halda. Þar eru innflytjendur stór, fjölbreyttur og mikilvægur hópur sem á jafn ríkan rétt til lífsgæða og jafna tækifæra og aðrir. Í þessu sambandi má nefna niðurstöður úr rannsóknum MIRRU, Miðstöðvar innflytjendarannsókna, Reykjavíkuraðemiunnar og fyrrgreindrar skýrslu Fjölmenningsseturs og Mannréttindaskrifstofu Íslands. <sup>4</sup>

Efla þarf skilning og umræðu um hvað felist í hugtakinu fjölmenningslegt samfélag. Hinn viðtekni og almenni skilningur byggist á þeirri sýn að aðfluttir Íslendingar og afkomendur þeirra skuli eiga ríkan þátt í mótun réttláts samfélags. Raunveruleg viðurkenning á mikilvægi innflytjenda er meginsteffing aðlögunaráætlun í málefnum innflytjenda. Ástæða er til að nefna í þessu sambandi að Alþingi hefur samþykkt ýmis lög um málefni innflytjenda og þar með fest í sessi mikilvægt stoðkerfi í málaflokknum.

Alþingi samþykkti haustið 2016 þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019, nr. 63/145. Það er knýjandi nauðsyn að verkefni samkvæmt framkvæmdaáætluninni verði að raunverulegum verkefnum og varanlegum viðfangsefnum, hluti af langtímastefnu. Mikilvægt er að bæta stofnanaumgjörð innflytjendamála með endurskoðun hlutverks Útlendingastofnunar, styrkja Fjölmenningssetur, þá stofnun sem á að vera stjórnvöldum til halds og trausts varðandi aðlögun innflytjenda að samfélaginu, ásamt því að efla verulega Þróunarsjóð innflytjendamála svo að hlúa megi að verkefnum í málaflokknum.

## Menntun.

Menntun er trygging virkrar þátttöku innflytjenda í samfélaginu og framlag þeirra til þess. Það gildir jafnt um fullorðna sem börn af erlendum uppruna. Virkt tvítýngi tryggir kunnáttu í íslensku og stuðningur við móðurmál barna er lykill að farsæld barna og ungmenna í skóla-, frístunda- og félagsstarfi, að skilja samfélagið og taka fullan þátt í því. Því þarf að leggja höfuðáherslu á virkt tvítýngi í öllu skóla- og frístundastarfi og á virðingu fyrir uppruna og reynsluheimi barna og ungmenna.

Börn fólks af erlendum uppruna sækja síður um nám í framhaldsskóla og af þeim fámenna hópi útskrifast enn lægra hlutfall en meðal ungmenna sem eiga íslensku að móðurmáli. <sup>5</sup> Þetta er mikið

**Commented [REP2]:** Þeir séu endurmetnir reglulega og þeim markvisst fylgt eftir.

**Commented [REP3]:** Það er ekki rétt að félagslegt réttlæti og jafnrétti virki með öllu, ekki ýkja.

**Commented [REP4]:** Innflytjendur taka oft ekki þátt vegna hindrana sem gera þeim þátttökuna erfiða, vegna skorts á aðgengi

**Commented [REP5]:** Menntavísindasvið og Félagsvísindasvið HI

**Commented [REP6]:** Styrkja og efla stöðu félagsamtaka innflytjenda eða þeirra sem vinna að málefnum innflytjenda

**Commented [REP7]:** Eintýngdir Íslendingar (tvítýngi = tvö móðurmál, ísl. + ...)

áhyggjuefni og þarf að skoða með tilliti til þess hvernig grunnskóli og framhaldsskóli koma til móts við námslegar þarfir ungmenna. Virðing fyrir móðurmáli þeirra og viðurkenning á því er stór þáttur en einnig viðhorf og væntingar sem mæta þeim í skólafarfi. Nauðsynlegt er að efna til stóráttaks til að snúa þróuninni við. Aðgerðir til að efla menntun fólks af ólíkum uppruna eru lykillinn að farsælli samþættingu í samfélagi sem vill kenna sig við fjölmenningu þar sem viðurkennt er að íbúar hafa margvíslegan bakgrunn og að eitt og hið sama henti ekki öllum. Margir innflytjendur hafa menntun, reynslu og kunnáttu sem ekki er viðurkennd. Það er hagur allra að menntun og reynsla þeirra sé metin við komu til landsins. Fara þarf í átaksverkefni til að finna leiðir til að meta menntun allra innflytjenda að verðleikum. Þetta má t.d. gera með útgáfu starfshæfnivottorðs til þeirra sem farið hafa í raunfærnimat. Forsendan er vitaskuld sú að raunfærnimat sé aðgengilegt fyrir innflytjendur og leggja þarf áherslu á að íslenskunám sé valkostur í vinnutíma.

#### Atvinna.

Atvinnustefna í landinu þarf að kveða á um að virkja skuli mannauð landsins og þar skiptir framlag innflytjenda miklu máli. Tryggja þarf að Ísland sé áhugaverður staður fyrir útlendinga til að koma og vinna í öllum starfsgreinum og þurfa allar aðgerðir í atvinnumálum að taka mið af því. Atvinnuleysi meðal innflytjenda er hærra en hjá öðrum hópum og ekki er sama fylgni milli menntunar og atvinnuleysis og hjá öðrum Íslendingum sem er mikið umhugsunarefni. Niðurstöður af þessu tagi endurspeglast m.a. í tölfraeðiskýrslu Fjölmenningarseturs frá árinu 2016 þar sem atvinnuleysi meðal innflytjenda var skoðað í kjölfar hrunsins. Þetta er jafnframt staðfest í ársskýrslu Vinnuálastofnunar 2017 þar sem segir að miðað við upplýsingar um fjölda starfandi erlendra ríkisborgara með lögheimili á Íslandi á árinu 2017 megi áætla atvinnuleysi erlendra ríkisborgara um 3,9%. Það sé töluvert meira atvinnuleysi en meðaltalið fyrir landsmenn alla (2,2%). Hlutfall útlendinga á atvinnuleysisrári fari líka hækkandi milli ára, útlendingar voru 26% atvinnulausa á árinu 2017, um 21% á árinu 2016 en lægra árin þar á undan.<sup>2</sup>

Virkniaðgerðir síðustu missera hafa ekki nýst innflytjendum nægjanlega vel. Við því þurfa stjórnvöld að bregðast með sértækum og einstaklingsmiðuðum aðgerðum, t.d. ráðgjöf á tungumáli atvinnuleitenda og formlegri viðurkenningu á raunverulegri færni. Mikilvægt er að starfandi innflytjendur séu hluti af hinum formlega vinnumarkaði til að tryggja viðurkenningu á námi og reynslu þeirra, sem og réttindum. Efla þarf fræðslu bæði atvinnurekenda og innflytjenda. Styrkja þarf til muna innviði og skilgreint hlutverk eftirlitsstofnana. Innflytjendur eiga að ganga að því vísu að opinberir aðilar standi jafnt vörð um réttindi þeirra og um réttindi íslenskra starfsmanna.

#### Velferð.

Leggja verður áherslu á viðsýni, virðingu og mikilvægi alþjóðlegs samstarfs. Eitt mikilvægasta og flóknasta verkefni samfélagsins er að vinna gegn fordómum með upplýstri umræðu. Þekking og skilningur er farsælasta leiðin til að uppræta fordóma og því er mikilvægt að sem flestir fái tækifæri til að kynna innflytjendum af eigin raun. Slík viðkyrning opnar samhliða dyrnar að íslensku samfélagi fyrir innflytjendur og börn þeirra. Skóla- og frístundastarf án aðgreiningar, vinnumarkaður sem einkennist af viðsýni og fordómaleysi og velferðarkerfi fyrir alla eru lykilatriði í þessu sambandi. Margir innflytjendur nýta ekki þjónustu sem þeim stendur til boða vegna skorts á upplýsingum á tungumáli viðkomandi eða af þeim sökum að þjónustan er eingöngu í boði á íslensku. Hlutverk Fjölmenningarseturs er m.a. að koma þessum upplýsingum á framfæri og styðja við starfsfólk sveitarfélaga um land allt í þjónustu við innflytjendur, en þar þarf að byggja upp þekkingu meðal kjörinna fulltrúa og starfsfólks og koma á markvissu móttöku- og stuðningskerfi fyrir innflytjendur. Þetta eru aðgerðir sem þurfa að taka mið af hagsmunum upprunalegra íbúa og innflytjenda. Stofnunin er hins vegar fjárhagslega vanbúin. Tryggja þarf jafnt aðgengi og upplýsingar um opinbera þjónustu, á vegum ríkisins, eins og heilbrigðis- og tryggingarþjónustu, og sveitarfélaga, eins og skóla-

**Commented [REP8]:** Og félagslegar þarfir (sérstaklega á framhaldsskólastigi)

**Commented [REP9]:** Ný málsgrein

**Commented [REP10]:** Bæta við konkret dædmum, t.d. sálfræðingar, talmeinafræðingar, læknar, sjúkraþjálfarar. Raunfærnimat – á einum stað, skýra, samræma, gera gagnsætt ferli. Meta og leiðbeina fólki hvernig að fá viðurkenningu, hvað vantar uppá, í staðinn fyrir að neita. T.d. vantar aðeins eitt námskeið eða nokkrar einingar.

**Commented [REP11]:** Hugs út frá þörfum samfélagsins, t.d. talmeinafræðingur sem talar ákveðið tungumál en ekki íslensku, gæti fengið að þjónusta ákveðna hópa

**Commented [REP12]:** Nefna fleiri aðila og stofnanir sem bera ábyrgð á framkvæmd

**Commented [REP13]:** Hverjar? Hverjir eru upprunalegir íbúar?

**Commented [REP14]:** Umorða – t.d. stofnunin þarf aukið fjármagn til að gegna sínu hlutverki.

og fristundastarf. Aðgengi að tülkajónustu á undantekningarlaust að standa til boða. Með góðri upplýsingamiðlun væru innflytjendur boðnir velkomnir til Íslands og slík miðlun gagnast líka til að kynna Ísland og íslenskt samfélag fyrir öðrum þjóðum.

#### Niðurlag.

Niðurstöður kosninga í mörgum Evrópuríkjum síðustu misserin gefa til kynna að uppgangur og útbreiðsla öfgaafra sem ala á þjóðernishyggju og andúð á útlendingum og fjölmenningu sé staðreynd. Hér á landi hafa slík sjónarmið einnig fengið hljómgrunn og í mörgum ríkjum hafa flokkar sem tala fyrir útlendingaandúð komist í áhrifamiklar stöður, á þing og í sveitarstjórnir, og í sumum ríkjum hafa fulltrúar þeirra jafnvel komist í forsetastól.

Ísland á að vera í forystu þegar kemur að því að takast á við þessa þróun og byggja á sterkum grunnildum réttlætis. Hér er þegar orðið fjölþjóðlegt samfélag sem á að hafa í heiðri jafnrétti og réttlæti þar sem borin er virðing fyrir frelsi hvers og eins til þess að aðhyllast trúarbrögð, lífsskoðanir og lífsgildi af ólíkum toga, án mismununar. Í slíku samfélagi er ekki rými fyrir fordóma, mismunun á grundvelli kynþáttar né neins konar mismunun, hvort sem er vegna trúar, menningar eða annarra þátta.



**Velferðarnefnd Alþingis**  
**Skrifstofa Alþingis**

Kirkjustræti 2  
101 Reykjavík

Reykjanesbær, 7. nóvember 2019

Mál nr. 2019050801/00.01

**Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu, lögð fram á 150. löggjafarþingi, 2019–2020, 38. mál.**

Reykjanesbær fagnar tillögu um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu. Reykjanesbær er sveitarfélag á sannkölluðu vaxtarsvæði. Íbúafjöldi hefur tvöfaldast á 15 árum og hlutfall íbúa með erlent ríkisfang margfaldast. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang er nú riflega 25% og er aldursdreifingin afar misjöfn. Til að mynda eru vísbendingar um að um helmingur íbúa á aldursbilinu 26–35 ára hafi haft erlent ríkisfang sumarið 2019. Þess má geta að árið 2018 fluttu 2.600 nýir íbúar í sveitarfélagið og höfðu um 60% þeirra erlent ríkisfang.

Reykjanesbær hefur því staðið frammi fyrir áskorun fjölmeningarsamfélagsins um nokkurt skeið og hefur unnið að stefnumótun og ýmsum verkefnum sem tengjast krafti fjölbreytileikans í samfélaginu og því hvernig nýta megi hann til fulls og efla alla bæjarbúa til þess að búa sér gott líf með virkri þátttöku í samfélaginu.

Reykjanesbær tekur undir aðrar umsagnir til þingsályktunartillögunnar um að horft verði heildrænt til málefnisins þar sem stendur til að endurskoða framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Mikilvægt sé að vinna heildstæða stefnu, gera stöðu málaflokksins góð skil í lögbundinni skýrslu ráðherra um stöðu og þróun í málefnum innflytjenda og í framhaldinu gera markvissa og vel kjarnaða framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda með skýrum aðgerðum, raunhæfri fjármögnun og mælanlegum ávinningi.

Jöfn tækifæri þurfa að vera leiðarljósið og þurfa opinberar stofnanir að horfa heiðarlega á það hvort fólk af erlendum uppruna hafi raunveruleg tækifæri til þátttöku í samfélaginu, bæði hvað varðar þjónustu og störf. Sérstaklega er því fagnað að horfa eigi heildstætt til allra þátta samfélagsins, þ.e. félagslegra réttinda, heilbrigðisþjónustu, menntunar og atvinnuþátttöku. Að því sögðu er mikilvægt að horft sé til allra aldurshópa og til allra búsetusvæða á Íslandi. Jafnframt er því fagnað að lagt sé til að unnið verði sérstaklega með viðhorf og uppbyggilega samfélagsumræðu.

Í niðurlagi tillögunnar er lagt til að Ísland verði í forystu á heimsvísu við að þróa og byggja samfélag á sterkum grunngildum réttlætis. Reykjanesbær tekur undir þær tillögur og telur framsýni Íslands í kynjajafnréttismálum, fötlunarfræðum og málefnum hinsegin fólks geta nýst vel í því leiðandi starfi.

Reykjanesbær hefur áður lýst yfir áhuga fyrir samstarfi við ríkið og eftir atvikum Fjölmeningarsetur til þess að vera leiðandi sveitarfélag þegar kemur að þjónustu fyrir innflytjendur og uppbyggingu fyrirmyndar fjölmeningarsamfélags. Var það gert í umsögn við þingsályktunartillögu um ráðgjafastofu innflytjenda, sem samþykkt var 3. júní 2019. Í þeirri umsögn bauðst Reykjanesbær jafnframt til þess að vera það sveitarfélag sem hýsir Ráðgjafastofu fyrir innflytjendur eða svokallaða *first-stop-shop* þjónustustofnun.



Reykjanesbær býður hér með fram krafta sína við mótun stefnu til þess að efla fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu.

Ofangreint tilkynnist hér með  
f.h. Reykjanesbæjar

Hrefna Höskuldsdóttir  
Skjalavörður